

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:

Deka Fiber múrblanda

Vörunúmer:

-

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun

Hraðþornandi trejastyrkt viðgerðarblanda.

Notkun sem ráðið er frá

Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.

1.3 Söluaðili:

Múrbúðin

Framleiðandi:

BASF Belgium Coord.Center
Business Belux, Dr.Richelle 161
B-1410 Waterloo, Belgía
00-32-2-373-2584

Sími:

4122500

Netfang:

sala@murbudin.is

Veffang:

www.murbudin.is

ehf-basfbelgium@basf.com

www.basf.com

1.4 Neyðarsímanúmer:

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H315

Veldur húðertingu

Húðert.2

H318

Veldur alvarlegum augnskaða

Augnskað.1

H335

Getur valdið ertingu í öndunarfærum

SEM-VES 3

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörunarorð

HÆTTA

Hættusetningar

H315

Veldur húðertingu

H318

Veldur alvarlegum augnskaða

H335

Getur valdið ertingu í öndunarfærum

Varnaðarsetningar

P102

Geymist þar sem börn ná ekki til.

P260

Andið ekki að ykkur ryki.

P264

Þvoið húð vandlega eftir meðhöndlun.

P280

Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlíf/andlitshlíf.

P303+P352

BERIST EFNID Á HÚÐ (eða hár): Þvoið með sápu og miklu vatni.

P304+P340

EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.

P305+P351+P338

BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.

P310

Hringið umsvífalaust í EITRUNARMIÐSTÖÐ/lækni.

P332+P313

Ef efnið ertir húð: Leitið lækni.

P362+P364

Farið úr fötum, sem óhreinast af efninu, og þvoið fyrir næstu notkun.

P403+P233

Geymist á vel loftræstum stað. Umbúðir skulu vera vel luktar.

P405

Geymist á læstum stað.

P501

Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Inniheldur:

Portlandsement, efnavörur, kalsíumoxíð.

2.3 Aðrar hættur:
Sjá einnig 11. og 15. lið.

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
(**PBT:** Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB:** Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur: Múrblanda:

Portlandsement, umbreytt			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	< 50
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	266-043-4	H-setningar	-
CAS	65997-15-1	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðert.2 - H315, Augnskað.1 - H318, SEM-VES 3 - H335			

Kalsíumoxíð			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	< 3
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	215-138-9	H-setningar	-
CAS	1305-78-8	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðert.2 - H315, Augnskað.1 - H318, SEM-VES 3 - H335			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Flytjið hinn slasaða af hættusvæði. Leitið lækni við vanlíðan og sýnið öryggisblaðið. Hjálparliðar gæti að eigin öryggi.
Innöndun	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft, fjarri rykmengun. Leitið lækni, verði vart við einkenni.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu. Notið ekki lífræn leysiefni við húðhreinsun.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni í 15 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolon. Leitið augnlækni.
Inntaka	Skolið munn með vatni. Drekkið mikið vatn. Leitið lækni, sýnið öryggisblaðið. Framkallið ekki uppköst nema að læknisráði.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá liði 2 og 11.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknumönnum og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Notið slökkvibúnað sem hentar aðstæðum hverju sinni.
Óhentugur slökkvibúnaður:	-

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Varan er hvorki eld- sé sprengifim, en umbúðir eru brennanlegar.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið. Forðist innöndun gufu og reys og ryks. Athugið að mengað slökkvivatn er ætandi.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist rykmyndun. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Notið persónuhlífar. Öll meðferð sé samkvæmt góðum vinnuvenjum.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Tryggið góða loftræstingu. Mokið eða skrapið upp með handverkfærum. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 8. um persónuhlífar, lið 7 um örugga meðferð og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist rykmyndun við tæmingu umbúða og notið útsog. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu.

Sementið í vörunni myndar basíska lausn í snertingu við vatn eða raka. Það getur valdið alvarlegri ertingu í húð eða slímhúðum. Venjulegur húðraki nægir. Forðist því langvinna snertingu við þurra vöruna.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum við á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Hlífið gegn raka. Heppilegt umbúðaefni: Tinhúðað svart stál.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Engar upplýsingar eru fyrirleggjandi.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m ³	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m ³	Annað
Portlandsement	-	10	-	-	Ryk/innöndun
Portlandsement	-	4	-	-	Ryk sem berst í lungu

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið.

Persónuhlífar

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. (ryksugið). Notið ekki bursta, blástur eða þrýstiloft til að hreinsa fatnað. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166)

Húð - hendur

Notið efnahelda hanska, t.d. úr bómull með nítrílgúmmihúð. (EN 374, EN 388). Notið verndarkrem. Við langtímanotkun henta hanskar úr Neopren eða PVC.

Húð - annað

Athugið leiðbeiningar framleiðanda um gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Öndunarfæri

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar (EN 13034).

Við skammtímanotkun má nota öndunargrímu með síu af gerð P1 (EN 143).

Við langtímanotkun eða mikið rykmagn ætti að nota sjálfstæðan öndunarbúnað.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Duft
Lykt:	Einkennandi
Litur:	Grátt
pH:	12-13 (dreifa í vatni, 25°C, 100 g/l)
Bræðslumark:	>1000°C
Tendrunarmark:	Varan er ekki sjálfhendrandi
Eðlismassi við 20°C:	1,8-2,4 g/cm ³
Vatnsleysni:	Myndar dreifu í vatni við 20°C, ekki leysanlegt, en vatnsdrægt
Eldfimi:	Varan er ekki eldfim
Sprengifimi:	Varan er ekki sprengifim
Oxandi eiginleikar:	Nei
Þurrefnisinnihald:	1,000

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Ekki við ætlaða notkun og meðferð. Varan ætir ekki málma.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Sjá lið 7.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Forðist snertingu við sterkar sýrur og basa.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Engin þekkt við ætlaða notkun og meðferð.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturrhif	Telst nánast óskaðlegt við eina inntöku, innöndun eða snertingu við húð. Varan hefur ekki verið prófuð, en þessi fullyrðing er dregin út frá eiginleikum innihaldsefna.
Húð	Veldur ertingu og þurrki í húð.
Augu	Getur valdið alvarlegum augnskaða.
Næming	Ekki talið valda næmingu í húð. Þessi fullyrðing er dregin út frá eiginleikum innihaldsefna. Dregið hefur verið úr krómatinnihaldi. Næming af völdum krómats er talið ólíkleg.
Krabbamein, stökkbreytingar og eitrun æxlunarfæra (CMR):	Ekki talið valda neinum þessara meina. Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.
Eiturhrif á líffæri (eitt skipti)	Getur valdið tímabundinni ertingu í öndunarferum. Varan hefur ekki verið prófuð. Þessi fullyrðing er dregin út frá eiginleikum innihaldsefna.
Eiturhrif á líffæri (endurtekin)	Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi. Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum. Varan hefur ekki verið prófuð. Þessi fullyrðing er dregin út frá eiginleikum innihaldsefna.
Önnur eiturrhif	Ekki er gert ráð fyrir neinum skaðlegum áhrifum af völdum vörunnar við ætlaða notkun. Þessi fullyrðing er dregin út frá eiginleikum innihaldsefna.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Taldar eru yfirgnæfandi líkur á að varan valdi ekki bráðum skaðlegum áhrifum á líf í vatni. Getur þó haft áhrif á sýrustig. Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.

12.2 Þrávirkni og niðurbrot:

Varan er ólífræn og er því ekki hægt að hreinsa hana úr vatni með líffræðilegum aðferðum. Hún leysist að litlu leyti í vatni, en má hreinsa burt á vélrænan hátt. Varan er að öðru leyti óvirk.

12.3 Uppsöfnun í lífverum:

Ólíkleg vegna takmarkaðs leysanleika í vatni.

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi: Líklegt að talið að varan aðsogist að mestu á jarðveg og sé mengun grunnvatns því ólíkleg.

12.5 PBT/VPvB: Á ekki við.

12.6 Annað: Upplýsingar um visteiturhrif eru dregnar út frá eiginleikum innihaldsefna.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega.

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Tæmdar umbúðir má endurvinna.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

IMDG: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

IATA: Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat á efnablöndum liggur ekki fyrir.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H315	Veldur húðertingu
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum

Útgáfa/Dags: 1/04.07.2017

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **BASF BELGIUM**
Safety data sheet according to UN GHS 4th rev.

DEKA FIBER MURBLANDA

Útgáfa: 06.02.2016 Útgáfa 1.0